

NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI

Í NÁMI OG KENNSLU



Nafn skóla: Eskifjarðarskóli

Verkefnastjóri: Birgir Jónsson/Póroddur Helgason

Samstarfsaðilar: Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

UMS – 60 2019-2020

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Eskifjarðarskóli í samstarfi við aðra grunnskóla í Fjarðabyggð

Nafn verkefnis: Upplýsingatækni í námi og kennslu

Nafn verkefnisstjóra: Birgir Jónsson/Póroddur Helgason

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-60 2019-2020


- Markmið verkefnis samkvæmt umsókn
 - Móta upplýsingatæknistefnu fyrir grunnskólana í Fjarðabyggð.
 - Efla þekkingu og leikni nemenda í skapandi vinnu með notkun snjalltækja.
 - Efla menntun fyrir alla m.a. með samstarfi við Snjallvefjuna nýta ný forrit og öpp sem nýst geta fjölbreyttum nemendahóp.
- Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði
 - Komum á samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Starfsmenn MSHA gerðu könnun á kunnáttu kennara í grunnskólum Fjarðabyggðar og aðstoðuðu við setja upp fræðsluáætlun fyrir kennara og við gerð Upplýsingatæknistefnu fyrir grunnskólana í Fjarðabyggð.
 - Leiðandi kennarar í upplýsingatækni innan skólanna kenndu jafnt nemendum sem starfsfólki að nýta sér upplýsingatækni í námi og kennslu s.s. forritanlega róbóta (Sphero, Dash og Dot, Cubetto, Code-a-pillar, LEGO), forritun, þrívíddargleraugu, Osmo o.fl.
 - Kennarar fóru í námskeið í hugtakortum, google verkfærum, Google-classroom, Google-form, Google-slide, Google-sites og Scratch kóðun
- Frávik miðað við áætlun verkefnisins.
 - Covid-19 breytti fyrirkomulagi á samstarfi við MSHA, sem varð allt í gegnum netið í stað námskeiðahalds á starfsdögum eins og fyrirhugað var. Þá varð breyting á tímaáætlun með leyfi Sprotasjóðs og lokaskýrslu skilað 5. febrúar 2021.
 - Tæknisýning og forritunarkeppni innan skóla eða á milli skóla varð ekki að veruleika og tæknidagur VA féll niður vegna Covid-19.
 - Birgir Jónsson verkefnastjóri lét af starfi sem skólastjóri og sem verkefnastjóri og undirritaður tók yfir stjórnun verksins.
- Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.
 - Heimsóknir starfsmanna MSHA féllu niður og rafrænar starfshættir teknir upp í staðinn vegna Covid-19. Þetta tafði verkið en varð að öðru leyti ekki farartálmi, þar sem hægt var að koma á rafrænni fræðslu til starfsfólks. Hólfaskipting og takmarkanir á að leyfa nemendum og starfsmönnum að hittast varð til þess að sýningahald og keppni milli skóla féll niður.
- Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu.
 - Gerð upplýsingatæknistefnu fyrir grunnskólana í Fjarðabyggð
 - Reynsla af rafrænum námskeiðum, sem voru mjög aðgengileg öllu starfsfólki og tíma- og kostnaðarsparandi, þar sem akstur á milli staða féll niður.

- Rafræn námskeið tengdu starfsfólk grunnskólanna vel saman í þeirra sameiginlegu viðleitni að nýta betur tölvubúnað skólanna og aðgengi að skýjalausnum í námi og kennslu.
- Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:
 - Verkefnið fylgdi forskrift í umsókn að stærstum hluta og gekk vel. Heldur meiri kostnaður fór í upplýsingatæknistefnuna og könnun á stöðu kennara í upplýsingatækni en ferða- og gistikostnaður féll í staðinn niður.
- Niðurstöður verkefnisins:
 - Upplýsingatæknistefna grunnskólanna
 - Aukin þekking starfsmanna og nemenda í notkun á forritanlegum tækjum, forritun og notkun á google verkfærum.
- Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:
 - Fyrirhugað var að vera með sýningar og keppni þar sem foreldrum og öðrum skólum er boðið að koma og fylgjast með, en stefnan er enn að gera slíkt og helst í samstarfi við VA á tæknidegi fjölskyldunnar sem verður vonandi haustið 2021.
- Rekstrarreikningur

Styrkurinn hefur runnið til MSHA og kennara sem sinnt hafa kennslu og myndað upplýsingatæknihóp innan skólanna. Sjá meðfylgjandi rekstrarreikning.

Dagsetning: 29. janúar 2021


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

